



Borgarráð

Reykjavík, 28. október 2024
USK24100291

Nauthólsvegur / Fossvogsbrú. Tenging við Skerjafjörð.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir við gerð landfyllingar og sjóvarna vegna tengingar Fossvogsbrúar við Skerjafjörð. Verkefnið er samstarfsverkefni með Vegagerðinni, Betri samgöngum og Kópavogi. Áætlaður kostnaður Reykjavíkurborgar er 535 m.kr. á árinu 2026.

Greinargerð:

Verkið er hluti af útboði Vegagerðarinnar, Betri samgangna, Reykjavíkurborgar og Kópavogs og felst í gerð landfyllinga og sjóvarna vegna Fossvogsbrúar. Verkið skiptist í þrjú verkáfangi:

1. áfangi er landfylling og sjóvarnir í Kópavogi.
2. áfangi er landfylling og sjóvarnir við Fossvogsbrú í Reykjavík.
3. áfangi er landfylling og sjóvarnir í Reykjavík vegna tengingar strætóleiðar ásamt göngu- og hjólastígum við Skerjafjörð.

Áætluð lok framkvæmda eru í nóvember 2026. Áætlaður kostnaður Reykjavíkurborgar er á árinu 2026.

Kostnaðarstaður: 3102

*Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds
Umhverfis- og skipulagssvið*

Hjálagt:

- Kynning
- Deiliskipulag.

<https://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=07637586564395171579>



Reykjavík



Nauthólsvegur / Fossvogsbrú Tenging við Skerjafjörð

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ




Lýsing á framkvæmd

- Framkvæmdin felst í gerð sjóvarnar og landfyllingar í Skerjafirði norðan deiliskipulagsmarka Fossvogsbrúar og að Einarsnesi.
- Verkið er hluti af útboðinu Fossvogsbrú (BL170) – landfyllingar sem Vegagerðin og Berti samgöngur bjóða út.
- Helstu verkþættir
 - Efnisöflun
 - Flutningur og útlögn á grjóti í sjóvörn
 - Landfylling innan sjóvarnar
- Áfangaskipting
 - Landfylling í Skerjafirði er þriðji og síðasti áfangi í verkinu Fossvogsbrú (BL170) - Landfyllingar. (Landfylling við Kársnes er 1. áfangi og landfylling við flugbrautarenda að Nauthólsvík er 2. áfangi)



Yfirlitsmynd



Skýringar

2. áfangi (hlutur Borgarlínu og Vegagerðar)
 St. 320 - 741

3. áfangi (hlutur Reykjavíkurborgar)
 St 0 - 320



Deiliskipulag

Framkvæmdin er í samræmi við deiliskipulag Nýja Skerjafjarðar sem samþykkt var í Borgarstjórn þann 20. apríl 2021 og var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 9. júlí 2021.

Landfyllingin er fyrir almenningssamgöngur, gangandi og hjólandi vegfarendur og tengist framkvæmdum við Borgarlínu.



Kostnaðaráætlun og framkvæmdatími

- Áætlaður kostnaður Reykjavíkurborgar við verkið er 535 milljónir kr. á verðlagi dagsins í dag
 - Framkvæmdakostnaður er 480 milljónir kr.
 - Kostnaður vegna efnis sem verkkaupi leggur er 35 milljónir kr.
 - Kostnaður vegna eftirlits er 20 milljónir kr.
- Áætluð lok framkvæmda er 1. nóvember 2026.
 - Gert er ráð fyrir að verkið verði að mestu unnið á árinu 2026



Reykjavík